

Föstudaginn 24. maí 1935.

Nr. 147/1934. Steindór Gunnlaugsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
gagnsök (Einar B. Guðmundsson).

Bætur fyrir frávikningu úr stöðu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. ágúst 1934: Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, Steindóri Gunnlaugssyni, 5 mánaða laun frá 1. sept. 1929 að telja, jafnhá launum þeim, sem stefnandi hafði sem fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu ásamt lögmælti dýrtiðaruppbót af launum þessum. Svo endurgreiði stefndur stefnanda samanlögð iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Ennfremur greiði stefndur honum 5% ársvexti af hinum tildæmdu upphæðum frá 29. júlí 1933 til greiðsludags og kr. 200,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi krefst þess, aðallega að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19298,55 með 6% ársvöxtum frá 29. júlí 1933 til greiðsludags, og að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til áframhaldandi launa úr ríkissjóði frá 1. ágúst 1933 að telja, eins og hann væri fulltrúi í stjórnarráðinu, ásamt aldursuppbót og dýrtiðaruppbót, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma, þangað til honum yrði veitt annað embætti, ekki lakara, og launum úr ríkissjóði. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 5 ára fulltrúalaun í dómsmálaráðuneytinu frá 1. sept. 1929 að telja, ásamt dýrtiðaruppbót, miðað við

starfsaldur hans. *Til frekari vara* er þess krafist, að greiðslur þessar verði takmarkaðar við 28. febr. 1931 eða 31. ágúst 1933. Ennfremur krefst aðaláfrýjandi 6% ársvaxta af upphæðum þeim, er í varakröfum hans getur, frá 30. júlí 1933 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði dæmdur réttur til endurgreiðslu á framlagi sínu til lífeyrissjóðs embættismanna, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 29. júlí til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Af hálfu gagnáfrýjanda er þess krafist *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að aðaláfrýjanda verði einungis dæmd tveggja mánaða laun, fyrir október og nóvember 1929, og vaxtagreiðsla af framlögum aðaláfrýjanda til lífeyrissjóðs verði felld niður. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, var aðaláfrýjandi skipaður af þáverandi dómsmálaráðherra fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu og gegndi hann þeirri stöðu til 1. ágúst 1929, er honum var vikið úr henni. Það verður að visu að telja, að dómsmálaráðherra hafi ekki farið út fyrir embættisverkahring sinn með þeirri athöfn, en þar með er ekki skorið úr því, hvort og hverja kröfu aðaláfrýjandi kunni að eiga til bóta á hendur rikissjóði vegna frávíkingarinnar.

Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/1919 er staða sú, er aðaláfrýjandi var skipaður í samkvæmt framan-

skráðu, talin meðal embætta þeirra sem föst laun eru lögð til. Verður því að telja hana fasta stöðu í þarfir ríkisins. Og með því að aðaláfrýjandi var skipaður í stöðuna án nokkurs fyrirvara, mátti hann treysta því, að hann fengi að halda henni, meðan hann vildi, hefði krafta til og bryti ekki af sér, nema hún yrði lögð niður, en það hefir ekki verið gert. Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, hafa ekki verið færðar sönnur á það, að aðaláfrýjandi hafi gerzt brotlegur í stöðu sinni eða með öðrum hætti, svo að missi hennar geti varðað, og verður því að telja frávikninguna fela í sér réttarbrott gagnvart aðaláfrýjanda. Með því að ekki eru til í gildandi lögum um embættismenn og sýslunar fyrirsmáli, er kveða á um rétt þeirra til bóta á hendur ríkissjóði vegna óréttmætrar frávikningar úr stöðu sinni, verður um það atriði að fara eftir almennum reglum löggjafarinnar. Með því að frávikningin fól í sér atvinnumissi fyrir aðaláfrýjanda og ætla má að hafa bakað og munu baka honum tjón, verður að dæma honum bætur fyrir það úr ríkissjóði. Með bliðsjón af því, að aðaláfrýjandi er maður á góðu reki og hafði allgóða atvinnu hjá Reykjavíkurborg frá því í febrúar 1931 til loka maímánaðar 1934, þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 10000 — tíu þúsund — krónur, er greiðist úr ríkissjóði með 5% ársvöxtum frá 29. júlí 1933 að telja og til greiðsludags.

Með því að fallast má á ummæli og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um endurgreiðslu framlaga aðaláfrýjanda til lífeyrissjóðs embættismanna, ber að staðfesta hann að því leyti.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma

gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Steindóri Gunnlaugssyni, 10000 — tíu þúsund — krónur með 5% ársvöxtum frá 29. júlí 1933 til greiðsludags. Ennfremur endurgreiði gagnáfrýjandi, f. h. lífeyrissjóðs embættismanna aðaláfrýjanda samánlögð iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóð þenna með 5% ársvöxtum frá 29. júlí 1933 til greiðsludags. Svo greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda samtals 500 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að hinn 31. júlí 1929, tilkynnti þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra Jónas Jónsson, stefnandanum, Steindóri Gunnlaugssyni, lögfræðingi hér í bænum, sem þá var fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu munnlega að hann ætti þá þegar að hætta störfum, sem fulltrúi í ráðuneytinu. Með bréfi til ráðherrans, dags. 3. ágúst 1929 mótmælti stefnandi brottvísun þessari sem óréttmætri og áskildi sér rétt til þess að koma síðar fram með hverskonar kröfu út af henni, en brottvikninguna áréttaði ráðherrann með bréfi dags. 5. sept. s. á. Er stefnanda var vikið úr ráðuneytinu hafði hann starfað þar um alllangt skeið, sem aðstoðarmaður, og 27. des. 1926 hafði hann verið skipaður fulltrúi í ráðuneytinu frá

1. jan. 1927 að telja og gegnt því starfi síðan. Brottvikningu þessa telur stefnandi algerlega ástæðulausa og óréttmæta og heldur því fram, að hann eigi heimtingu á launagreiðslu úr rikissjóði eins og hann gegndi fulltrúastarfinu áfram meðan hann hafi ekki annað starf með höndum í þágu ríkisins. Hefir hann eftir árangurslausa sáttaumleit-an höfðað mál þetta fyrir bæjarþinginu með stefnu útgef-inni 31. ágúst f. á. gegn fjármálaráðherra Íslands, f. h. rik-issjóðs, og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmd-ur til að greiða sér laun þau, sem honum hefðu verið greidd úr rikissjóði á tímabilinu frá 1. sept. 1929 (stefn-andi var búinn að hefja laun sín fyrir ágústmánuð 1929, er honum var vikið brott) til 31. júlí f. á. eða kr. 19298.55 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 29. júlí f. á. til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi þess, að viður-kenndur verði réttur sinn til að fá greidd úr rikissjóði framvegis lögmælt laun, sem skipaður fulltrúi í dómsmála-ráðuneytinu eða upphæðir þær, sem laun árið 1933 frá 1. ág. til 31. des. kr. 1951.12.

Laun árið 1934 kr. 4100.00 + dýrtiðaruppbót

— — 1935 — 4100.00 + —

— — 1936 — 4500.00 + —

og síðan árlega þá upphæð að viðbættri dýrtiðaruppbót eins og hún verður ákveðin á hverjum tíma, allt þangað til honum yrði veitt annað embætti með launum úr rikissjóði. Þá krefst stefnandi og að sér verði endurgreitt framlag sitt til lífeyrissjóðs embættismanna ásamt vöxtum og loks krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af þeim og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati rétt-arins. Byggir stefndur sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi gert sig sekan um svo verulegar misfellur í fulltrúa-starfi sínu, svo og við störf, sem honum hafi verið falin af ríkisstjórninni og heimilt hafi verið að vikja honum úr starfinu fyrirvaralaust og án þess, að hann ætti nokkurn rétt til launagreiðslu úr rikissjóði.

Þessari varnarástæðu hefir stefnandi mótmælt eindreg-ið jafnframt því, sem hann heldur því fram, að þó að um verulegar misfellur hefði verið að ræða hjá honum, hefði hann aðeins orðið réttilega sviftur stöðunni með dómi.

Samkvæmt e contrario ályktun frá ákvæðum 57. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9 frá 18. maí 1920 eru hæstaréttardómarar þeir einu embættismenn íslenskir, sem ekki verður vikið úr embætti nema með dómi. Verður því ekki annað séð, en brottvikning stefnanda hafi verið formlega lögmæt, og ber því næst að athuga hvort nægar ástæður hafi verið fyrir henni.

Sú eina frávikningarástæða, sem tilgreind er í fyrrgreindu bréfi ráðherrans, frá 5. sept. 1929 til stefnanda, er að hann hafi staðið í allnánu sambandi við nafngreindan mann, sem stóð að stofnun og var félagi í hlutafélagi að nafni „Þór“, er stofnað var í því skyni að reka verzlun á Stokkseyri, hafi stefnandi meðal annars útvegað manni þessum veltufé eða lánað honum það sjálfur. En vörubirgðir og húseignir félags þessa á Stokkseyri, brunnu skömmu eftir að vörurnar höfðu verið fluttar austur og voru sumir félagsmenn í sambandi við það, bendlaðir við íkveikju, sem framkvæmd hafði verið með váttryggingarsvik fyrir augum. Segir ráðherrann í umræddu bréfi til stefnanda, að samband hans við mann þennan samrýmist ekki stöðu hans í ráðuneytinu, og sé honum því vikið frá fulltrúastarfinu. Stefnandi heldur því nú fram, að hann hafi engin viðskipti haft við mann þann, er hér um ræðir, önnur en þau, að hann hafi selt fyrir hann 4500 kr. víxil, án þess að vita til hvers peningarnir áttu að ganga, þá hafi hann ekki heldur haft nein afskipti af hlutafélaginu „Þór“. Gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur ekki sannað, að viðskipti stefnanda og manns þessa hafi verið önnur en stefnandi hefir frá greint hér að framan, en þau viðskipti geta ekki talist þess eðlis að frávikningu hafi varðað fyrir hann.

Þá hefir stefndur undir rekstri málsins komið fram með nokkur atriði, sem hann telur réttlæta frávikningu stefnanda.

Í fyrsta lagi kveður stefndur, að við endurskoðun á reikningi Landhelgissjóðs hafi komið í ljós, að stefnandi hafi tekið á móti kr. 4000 úr sjóðnum og kvittað fyrir, en hann hafi ekki getað gert fullnægjandi grein fyrir því hvað orðið hafi af þessum peningum.

Stefnandi hefir gefið þá skýringu á umræddu atriði, að í forsætisráðherratið Jóns sál. Magnússonar, hafi ráðherr-

ann beðið sig að sækja kr. 4000.00 úr Landhelgisjórði. Þetta hafi hann gert og gefið kvittun fyrir, og síðan afhent ráðherranum peningana, án þess að taka kvittun hjá honum fyrir greiðslunni, og muni ráðherrann svo hafa notað þá vegna konungskomunnar 1926, en hann hafi andazt án þess að hafa gert skilagrein fyrir því, hvernig peningunum hafi verið varið. Telur stefnandi á engan hátt óeðlilegt, að hann hafi afhent ráðherranum, sem var yfirmaður hans, peningana án þess að taka kvittun fyrir og verður rétturinn að fallast á það hjá honum. Þá hefir stefnandi lagt fram tvö vottorð, annað frá skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu en hitt frá núverandi hæstaréttarritara, þess efnis, að þeir hafi heyrt nefndan ráðherra biðja stefnanda að ná í umrædda fjárupphæð og færa sér, og hafi stefnandi þegar farið af stað til að reka erindi þetta, þykir stefnandi með þessu hafa gert fullnægjandi grein fyrir umræddri upphæð, og kemur þetta atriði því ekki til greina, sem brottrekstrar-sök.

Þá hefir því verið borið við, að stefnandi sé vinnhæf og hafi oft, bæði meðan hann gegndi fulltrúastarfinu og síðar verið undir áhrifum áfengis, en óhæfilegt sé að drykkfelldir menn gegni jafn ábyrgðarmiklu og vandasömu starfi og fulltrúastarf í dómsmálaráðuneytinu sé. Í málinu er ekkert upplýst um vinnautn stefnanda að hún hafi verið svo mikil eða með þeim hætti að hennar hafi gætt við fulltrúastarf hans og getur hún því ekki réttlætt brottvikninguna.

Enn hefir stefndur fært það fram, að meðferð stefnanda á þrotabúi firmans Jón Björnsson & Co. í Borgarnesi og á þrotabúum eigenda nefnds firma hafi verið ábótavant í verulegum atriðum, sérstaklega hafi óhæfilegur dráttur orðið á búaskiptunum, en stefnandi var skipaður setuskiptaráðandi í búum þessum. En í máli þessu er það upplýst, að drátturinn á búaskiptunum stafaði af málaferlum, sem búin áttu í og gengu málin til hæstaréttar og verður drátturinn því ekki gefinn stefnanda að sök. Þá kemur það fram, að tveir menn voru skipaðir af dómsmálaráðherra til að athuga hag og meðferð búa þessara, en ekki er upplýst, að þeir hafi orðið varir við nokkrar misfellingar á meðferð stefnanda á búunum. Hefir þessi varnarástæða stefnds því heldur ekki við rök að styðjast. Loks telur

stefndur að frammistaða stefnanda sem rannsóknardómara í Hnífsdalsmálinu svokallaða beri með sér, að hann hafi ekki verið starfinu vaxinn. En ekki hefir verið sýnt fram á í hverju rannsóknardómarastörfum hans hafi verið ábótavant og verður því ekkert upp úr þessari brottvikningarástæðu lagt.

Samkvæmt framansögðu hefir stefndum ekki tekizt að sýna fram á, að lögmætar ástæður hafi verið fyrir hendi til brottvikningar stefnanda og verður því sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina.

Til vara hefir stefndur krafizt þess, að stefnanda verði aðeins tildæmd laun fyrir september og októbermánuð 1929 og hann fái aðeins endurgreidd iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna og er varakrafa stefnds byggð á því, að segja hefði mátt stefnanda upp fulltrúastarfinu með 3 mánaða fyrirvara, en hann hafði eins og áður er sagt tekið laun fyrir einn mánuð eftir að hann lét af fulltrúastarfinu.

Til þrautavara krefst stefndur þess, að hann verði sýknður gegn greiðslu á launum til stefnanda til 10. febr. 1931, en þá hafi stefnandi fengið betur launað starf en það, sem honum var vikið frá.

Fjárkröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að fulltrúastaða hans í dómsmálaráðuneytinu hafi verið lífstíðarstaða, þar sem hún sé tekin upp í launalögin frá 1919 ásamt öðrum ríkisembættum. En réttarstöðu islenzkra embættismanna gagnvart ríkisvaldinu telur stefnandi hafa verið, og vera þá, að þeir hafi lífstíðarrétt til þess að sitja í embætti því, sem þeir hafa verið skipaðir í, meðan heilsa þeirra leyfir og embættið er látið standa, svo og að þeir verði ekki sviftir embættisstöðu sinni að saklausu, án þess að um löglegan flutning í annað embætti sé að ræða, nema þeim séu greidd samkonar laun, og þeir hefðu ef þeir gegndu embættinu áfram. Hefir stefnandi, þessari skoðun sinni til stuðnings, bent á ýms lagaboð, svo sem t. d. 13. kap. almennra hegningarlaga frá 1869, ákvæðin um biðlaun og eftirlaun, sem numin voru úr gildi með launalögum frá 1919, þau ákvæði 16. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920, að konungur geti flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji

heldur embættisskiptin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk, og ennfremur lög nr. 33 frá 1915, sem banna opinberum starfsmönnum verkföll. En á framangreinda skoðun stefnanda verður ekki fallist að því er snertir réttarstöðu hans gagnvart ríkisvaldinu. Af launalögum frá 1919 verður ekki dregin nein almenn regla um réttarstöðu starfsmanna ríkisins. Þau taka yfir mjög óskilda flokka embætta, sem næsta ólíkar reglur gilda um, bæði hvað snertir veitingu og þá einnig lausn frá þeim, konungleg embætti, og þar hafa umboðsstarfalausir dómarar sérstöðu, biskupsembættið og prestembættin, sem kosning gildir um, og loks embætti og stöður, sem ráðherraskipun þarf til, svo sem er um stöðu þá, sem stefnandi hafði á hendi. Innan þessa síðasta flokks má gera greinarmun annarsvegar á lögmæltum embættum með afmörkuðu starfssviði og hinsvegar störfum, sem menn eru ráðnir til að gegna vegna þess að þörf og starfsmagn krefst þess um skemmri, lengri eða óákveðinn tíma, og undir þennan flokk verður að telja að fulltrúastaða í dómismálaráðuneytinu hafi fallið. Það virðist sem sé vera á valdi hvers ráðherra að ákveða bæði tölu og starfssvið fulltrúa í hans ráðuneyti eftir þörfum á hverjum tíma og starfsmagni svo sem er um fulltrúa samkvæmt lögum nr. 67 frá 1928, en stöður, sem svo er háttað um, geta engan veginn orðið skoðaðar sem lifstíðarembætti. Nú hefir skipunarbréf stefnanda ekki verið lagt fram í málinu og verður þá gengið út frá því að hann hafi verið skipaður í fulltrúastöðuna til óákveðins tíma. Jafnframt lítur rétturinn svo á, að þar sem ekki er upplýst, að réttmætar ástæður hafi legið til brottvisunar, eigi stefnandi samkvæmt hlutarins eðli rétt til bóta vegna hennar og séu þær miðaðar við það, hvað yrði talinn hæfilegur uppsagnarfrestur fyrir starfsmenn, er gegndu sama eða svipuðum störfum og stefnandi hafði á hendi. Þykir uppsagnarfrestur slíks starfstímans vart verða ákveðinn styttri en sex mánuðir, og ber því að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda 5 mánaða kaup frá 1. sept. 1929 að telja eins og honum hefði borið sem fulltrúa í dómismálaráðuneytinu, en áður hefir stefnandi fengið laun sín fyrir ágústmán. 1929 greidd.

Að því er snertir kröfu stefnanda um endurgreiðslu á iðgjöldum þeim, sem hann hefir greitt í lifseyrissjóð em-

bættismanna ásamt áföllnum vöxtum, þá hafa lög um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra nr. 51 frá 27. júní 1921 engin ákvæði að geyma um það hvernig fer um endurgreiðslurétt embættismanna, sem vikið hefir verið frá embætti án saka. En í 4. málsg. 4. greinar laganna, er svo ákveðið, að sé embættið lagt niður og embættismaður flytjist ekki í annað embætti, þá skuli hann eiga rétt á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, þau iðgjöld, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Þykir verða að fallast á það hjá stefndum að beita megi þessum ákvæðum analogice um það tilvik að embættismanni er vikið úr stöðu án þess að lögmætar ástæður séu fyrir hendi. Verður stefndur því aðeins dæmdur til að endurgreiða stefnanda samanlögð iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóðinn, en jafnframt ber honum að greiða 5% ársvexti af hvorutveggja hinum tildæmdu upphæðum (laununum og lífeyrissjóðsiðgjöldunum) frá sáttakærudegi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndur greiði stefnanda kr. 200.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 29. maí 1935.

Nr. 176/1934. **H. Benediktsson & Co.**

(cand. jur. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Guðmundi Ólafssyni f. h. eigenda s/s
„Skagatind“** (Einar B. Guðmundsson).

Bætur til fullnægingar ákvæðum leigusamnings.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 28. ágúst 1934: Aðalstefndur, H. Benediktsson & Co., greiði aðalstefnanda, Guðm. Ólafssyni f. h. eigenda Skagatind, £ 90-50-0 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1933 til greiðsludags.

Gagnstefndur á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök greiði aðalstefndur aðalstefnanda með kr. 250.00.